

“

*Mig dreyndi draum, þegar ég var ungur.
Ég gekk eftir götu, og í hallinu hinum
megin við götuna lágu bók við bók og ég
vissi að þessar bækur voru mitt verk.
Ég reyndi að lesa í þeim, ætlaði að læra
þær í snætri, en vaknaði af ákafanum og
mundi ekki orð af því sem í þeim stóð.*



Sýning í Þjóðarbókhöðu

5. mars - 30. apríl 2008



1892
1907
1912
1919
1939

Gunnar Gunnarsson átti sér ungur þann draum að verða rithöfundur. Í Fjallkirkjunni segir: „Það smáólst með mér fífldjörf framtíðaráætlun sem ég trúði engum fyrir í fyrstu...“. Ljóst er af þessum orðum að Gunnar gerði sér grein fyrir hver viðbrögð ættingja hans yrðu. Flestir hans nánustu litu á þetta sem glapræði og hugaróra ungs drengs og staðreyndirnar tala sínu máli. Gunnar hefur litla sem enga menntun og foreldrar hans eru fátækir bændur sem ekki geta kostað hann til náms. En hann lætur sér ekki segjast og þegar hann rekst á grein í Eimreiðinni um danska lýðháskóla sér hann tækifæri til að gera draum sinn að veruleika. Hann fær inngöngu í lýðháskólann í Askov á Jótlandi í Danmörku og í september 1907 siglir hann frá Vopnafirði á vit ævintýrana.

Gunnar er á lýðháskólanum næstu tvö árin og búast margir við að hann haldi heim strax að námi loknu. Ekkert er þó fjær Gunnari og þótt hann svelti heilu hungri og eigi á stundum hvergi höfði sínu að halla þá gefst hann ekki upp. Árið 1912 uppsker Gunnar að lokum laun erfiðisins er hann kemst á samning hjá stóru bókaforlagi í Danmörku. Hann giftist danskri unnustu sinni, Franziscu Josephine Jörgensen, og glæstur ferill hefst.

Ísland vék aldrei úr huga Gunnars. Þegar hann stendur á fimmtugu og er orðinn velefnaður sem mikilsmetinn rithöfundur og fyrirlesari víða um Evrópu selur hann sveitasetur sitt í úthverfi Kaupmannahafnar og kveður hringiðu lista- og menningarlífs. Hann flytur á æskustöðvarnar í Fljótsdal og reisir á Skriðuklaustri eitt glæsilegasta hús landsins. Bóndasonurinn er snúinn heim frá Danmörku og draumurinn hefur ræst.



“

Sýningu þessari er ætlað að varpa ljósi á hið ótrúlega ævintýri sem líf Gunnars Gunnarssonar í raun og veru var. Sýningin var sett upp á Skriðuklaustri árið 2007 þegar 100 ár voru liðin frá því að Gunnar hélt utan sem fátækur sveitastrákur. Valin eru sex ár á fyrstu 50 æviárum Gunnars sem ýmist mörkuðu skil í lífi hans eða voru einstaklega viðburðarrík: 1889 fæðist hann á Valþjófsstað; 1907 siglir hann til Danmerkur; 1912 hefst rithöfundarferillinn og hann kvænist; 1920 er kvikmyndin Saga Borgarættarinnar frumsýnd; 1929 kemur skáldsagan Svartfugl út og Gunnar festir kaup á sveitasetrinu Fredsholm; 1939 verður Gunnar fimmtugur og snýr aftur heim til Íslands. Til þess að setja líf Gunnars í sögulegt samhengi voru einnig valdir þrjú viðburðir: einn íslenskur, einn danskur og einn heimsviðburður, sem markverðir þóttu viðkomandi ár. Tölulegum upplýsingum um fólksfjölda annars vegar á Íslandi og hins vegar í Danmörku er ætlað að sýna hve ólíkir heimar Ísland og Danmörk, Kaupmannahöfn og Fljótsdalur/Vopnafjörður, voru þegar Gunnar ferðaðist á milli þeirra. Á hverjum hinna sex söguborða er síðan tilvitnun í þau verk Gunnars sem tengjast árunum.

Í sýningarborðunum getur að líta ýmis gögn og muni úr fórum skáldsins, svo sem handrit að skáldsögum, minnisbækur, bréf og fleira sem varpar ljósi á líf hans þessi tilteknu ár. Á skjá rúllar brot úr Sögu Borgarættarinnar, kvikmynd sem tekin var upp á Íslandi 1919 af Nordisk Film. Í þessu myndbroti sýnir Gunnar leikhæfileika sína í hlutverki læknisins.

1889

1907

1920

1929

1939

“

When I was young, I had a dream: I was walking down a street, and on the slope beyond the street lay book upon book, books that I knew were works by me. I attempted to read them, intending to learn their contents in an instant, but I was awakened by my own enthusiasm and could not remember a single word.

As a young man, Gunnar Gunnarsson had the dream of becoming a writer, which for a poor country boy in Iceland at the beginning of the 20th century was not a realistic possibility. However, he would not be dissuaded and in autumn of 1907 he sailed from Iceland to try out adventure. Thirty-two years later he returned to Iceland, having become a wealthy, world-renowned author. Thus, his dream had come true.

This exhibit sheds light on the incredible adventure that the life of Gunnar Gunnarsson truly was. Six years were chosen from the first half-century of Gunnarsson's life, either through their marking a milestone in his biography (like his birth year of 1889) or proving especially eventful: in 1907 he sailed to Denmark; in 1912 his writing career began; in 1920 the film of *Guest the One-eyed* premiered; in 1929 the novel *The Black Cliffs* came out; in 1939 he returned home to Iceland.

So as to place Gunnarsson's life in historical context, three noteworthy events - one Icelandic, one Danish, and one of global significance - were also chosen for each of the relevant years.

The display tables present various documents such as handwritten manuscripts of novels and other memorabilia relating to the writer and illuminating his life during these particular years.



Gunnar Gunnarsson
OG DANMÖRK


LANDSBÚKASKIPIN ÍSLANDS
HÁSKÓLABÚKASKIPIN


GUNNARSTOFNUN